

Upplýsingaöryggisstefna

Tilgangur með upplýsingaöryggisstefnu Tækniskólans er að tryggja öryggi persónuupplýsinga skólans eins og skylt er samkvæmt lögum og reglugerðum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga 90/2018 sem og að vernda aðrar upplýsingaeygnir hans og tryggja samfellu í starfsemi skólans. Öryggisstefnan er í fullu samræmi við reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Umfang (gildissvið)

Upplýsingaöryggisstefna þessi nær til umgengni og vistunar allra persónuupplýsinga og annarra upplýsingaeygna í vörslu Tækniskólans. Þar má sérstaklega nefna upplýsingar sem fengnar eru frá nemendum, starfsmönnum eða samstarfsaðilum. Hún tekur til innri starfsemi skólans og þeirrar þjónustu sem skólinn veitir nemendum sínum á samnýttum eða sértækum búnaði, auk allra innri kerfa, hug- og vélbúnaðar í eigu og undir fullri stjórn skólans. Jafnframt tekur hún til húsnæðis þar sem persónuupplýsingar eru meðhöndlaðar, starfsmanna og samningsbundinna aðila sem aðgang hafa að upplýsingunum.

Markmið

- Hámarka öryggi upplýsinga og upplýsingakerfa skólans með tilliti til leyndar, trúnaðar, réttleika og tiltækileika.
- Tryggja viðvarandi og samfelldan rekstur upplýsingakerfa skólans.
- Takmarka áhættu vegna vinnslu og varðveislu upplýsinga.
- Persónuupplýsingar sem fari um kerfi skólans komist til rétts viðtakanda, óskaddaðar og á réttum tíma.

Leiðir að markmiðum

- Upplýsingaeygnir kortlagðar, flokkaðar og áhættumetnar
- Stjórnkerfi upplýsingaöryggis starfrækt.
- Regluleg þjálfun og fræðsla starfsfólks um persónuvernd og upplýsingaöryggi og ábyrgð þeirra því tengt.
- Frávik, brot eða grunur um veikleika í upplýsingaöryggi séu tilkynnt og rannsökuð.

Ábyrgð

- Skólameistari er ábyrgur fyrir framkvæmd stefnunnar.
- Deildarstjóri tölvu- og tæknideildar er ábyrgur fyrir endurskoðun stefnunnar sem og fyrir daglegri stjórnun upplýsingaöryggis.
- Starfsfólk er ábyrgt fyrir því að vinna skv. stefnunni og ber að tilkynna um öryggisfrávik og veikleika.